Danskernes Historie Online
Danske Slægtsforskeres Bibliotek

Dette værk er downloadet fra Danskernes Historie Online

Danskernes Historie Online er Danmarks største digitaliseringsprojekt af litteratur inden for emner som personalhistorie, lokalhistorie og slægtsforskning. Biblioteket hører under den almennyttige forening Danske Slægtsforskere. Vi bevarer vores fælles kulturarv, digitaliserer den og stiller den til rådighed for alle interesserede.

Støt vores arbejde – Bliv sponsor

Som sponsor i biblioteket opnår du en række fordele. Læs mere om fordele og sponsorat her: https://slaegtsbibliotek.dk/sponsorat

Ophavsret

Biblioteket indeholder værker både med og uden ophavsret. For værker, som er omfattet af ophavsret, må PDF-filen kun benyttes til personligt brug.

Links

Slægtsforskernes Bibliotek: https://slaegtsbibliotek.dk
Danske Slægtsforskere: https://slaegt.dk

KRISTIAN KÅLUND

BÓKAVÖRÐUR VIÐ HANDRITASAFN
ÁRNA MAGNÚSSONAR

SJERPRENTUN ÚR ÁRSRITI HINS ÍSLENSKA
FRÆÐAFJELAGS Í KAUPMANNAHÖFN, FIMTA ÁRI



KAUPMANNAHÖFN
PRENTAÐ HJÁ S. L. MØLLER
1920

Kristian Kålund,

bókavörður við handritasafn Árna Magnússonar.

Síðan Ársritið kom út í fyrra vor, hefur Fræðafjelagið mist einn hinn besta og merkasta fjelaga sinn, dr.



phil. Kristian Kålund. Hann var hin mesta prýði í fjelagi voru. Hann var langelstur allra fjelagsmanna og

fæddur 19. ágúst 1844 í prestssetri einu á Lálandi, er Söllested heitir. Hann hjet fullu nafni Peder Erasmus Kristian Kålund; á efri árum notaði hann að eins tvö síðustu nöfnin og byrjaði á því snemma. Kålund var af góðu fólki kominn. Faðir hans var prestur í Söllested og hjet Kaspar Ernst Kaalund, en móðir hans hjet Anna Helene Riedewaldt, og var hún dóttir skógarráðs Kristians Erasmus Riedewaldts á Jægersborg. Árið 1853 tjell sjera Kaspar Kaalund frá og var þá á besta aldri. Sumarið eftir var Kristján sonur hans settur í Herlufshólms latínuskóla, til fræðslu og uppeldis; kvað hann síðar það hafa haft mikla þýðingu fyrir sig og þakkaði hann það mest lögráðanda móður sinnar, etatsráði Jörgensen að Söholt, sem reyndist henni stoð og stytta. Í Herlufsholm var Kålund níu ár. Þar er frítt og frjósamt land, og kvað hann það hafa vakið hug sinn fyrir fegurð náttúrunnar, og verndað sig gegn einhæfum þroska; átti hann margar fagrar endurminningar þaðan. Umsjónarmaður skólans var þá yfirkennari Albert Leth, ágætur og verksjeður kennari og barnavinur mikill; kveðst Kålund í æfiágripi sínu, er hann ritaði 1879, eiga honum mikið að þakka fyrir þá alúðarríku umhyggju og leiðbeiningu, sem hann sýndi honum. Kålund hafði í skóla misjafnan áhuga á námsgreinunum. Hann hafði mest gaman af norrænum málum, og öllum þeim námsgreinum, sem lutu að náttúrufræði og sögu; þakkar hann það umhyggju Leths að hann náði sæmilegu prófi í öllum námsgreinum, er hann tór úr skóla. Einnig minntist hann með þakklæti rektors skólans, prófessors Listov, fyrir þá umhyggju, sem hann sýndi honum jafnan. Árið 1863 útskrifaðist Kålund og fekk fyrstu einkunn. Hann tór þá til háskólans í Kaupmannahöfn og ákvað brátt að stunda norræna málfræði. Fyrsta árið las hann og heimspeki og hlýddi á fyrirlestra prófessors Bröchners. Hann var andlegur

glæsimaður og hafði mikil áhrif á Kålund, og það því fremur sem hann komst þá í náin kynni við einn af hinum gáfuðustu lærisveinum hans, cand. mag. K. V. Möller, er lagði stund á heimspeki. Hann skýrði í samræðum sínum við Kålund mörg atriði fyrir honum. Því miður dó Möller ungur að aldri.

Kålund stundaði síðan norræna málfræði af kappi. Hann fann brátt að íslensku heimildarritin með öllum þeim upplýsingum, sem í þeim finnast, bæði um menningarsögu og alment um sögu norrænna þjóða, drógu huga hans að sjer. En hann gætti þess þó að afla sjer fyrst og fremst víðtækrar og áreiðanlegrar þekkingar í norrænni málfræði til undirbúnings fyrir framtíðina. Vorið 1866 fekk hann Garð- og Kommunitetsstyrkinn, og gat síðan óhindraður gefið sig að próflestri. Haustið 1869 tók hann meistarapróf í norrænni málfræði og hafði menningarsögu Íslands á goðorðatíðinni sem sjernám. Hann fekk því verkefni úr henni í hina stóru ritgjörð við prófið, og var það um heimilislífið á Íslandi á söguöldinni. Heitir ritgjörð hans »Familielivet paa Island i den første sagaperiode (indtil 1030)«. Eftir prófið endurbætti Kålund ritgjörð þessa nokkuð, og gaf hana út árið eftir í »Aarböger for nordisk Oldkyndighed og Historie« 1870, bls. 269—381. Í ritgjörð þessari lýsir Kålund heimilislífi Íslendinga frá fæðingunni til grafarinnar, og er hún bygð á sjálfstæðum rannsóknum.

Tvö hin næstu ár dvaldi Kålund í Kaupmannahöfn, og vann þá fyrir sjer með kenslu, en annars notaði hann hverja stund til þess að halda námi sínu áfram. Þá er hann var að lesa sögurnar og kynna sjer hag og menningu Íslendinga á goðorðatíðinni, fann hann til þess, hve erfitt var að meta rjettilega hið sögulega gildi þeirra. Þetta mátti meðal annars sjá með því að rannsaka, hve sannar staðalýsingarnar í sögunum væru, og frásögn

þeirra um það, hvar atburðirnir hefðu gerst. Til þess að geta gert þetta í Kaupmannahöfn vantaði hin nauðsynlegustu hjálparmeðöl, nákvæman uppdrátt af landinu og rækilega staðalýsingu af því. Um nýjan uppdrátt var auðvitað ekki að ræða; uppdráttur Bjarnar Gunnlaugssonar var þá ekki gamall og góður eftir öllum ástæðum, enda datt engum þá í hug að gera betri uppdrátt af Íslandi. Hins vegar höfðu nokkrir Íslendingar í Kaupmannahöfn, í Hafnardeild Bókmentafjelagsins, hugsað um það fyrir löngu að koma út stórri lýsingu af Íslandi og þar á meðal staðalýsingu. Bókmentafjelagið hafði í þeim tilgangi safnað sóknalýsingum og sýslulýsingum af öllu Íslandi, en ekkert varð þó af því að nein lýsing væri samin, og engin útlit voru til þess þá, að nokkur Íslendingur myndi um þær mundir rita staðalýsingu eða almenna lýsingu af landinu. Í annan stað hafði Hafnardeildin 1861 byrjað á því að gefa út í »Safni til sögu Íslands« nokkrar ritgjörðir um örnefni á Íslandi. Ritgjörðir þessar voru fróðlegar og til gagns fyrir þá, sem lásu sögurnar, enda þótt þær væru ófullkomnar að ýmsu leyti. Það var ætlun Bókmentafjelagsins að halda áfram að gefa út slíkar ritgjörðir, en framhald af þeim var ekki komið út, þá er Kålund kom til sögunnar, og hið næsta hefti af »Safni til sögu Íslands« kom eigi út fyr en 1876—77, er Kålund var byrjaður á að rita Íslands lýsingu sína.

Svona var þessu farið þá er Kålund hafði lokið háskólaprófi, og vildi með alúð gefa sig að íslenskum fræðum og menningu á miðöldunum. Hann tók þá sjálfur að hugsa um að fara til Íslands og kynna sjer það nákvæmlega, ferðast um landið og skoða sögustaðina og athuga sjálfar sögurnar á þeim stöðvum, þar sem þær höfðu gerst, og reyna síðan að rita um landið og sögustaðina. Árið 1872 var hann svo heppinn að fá ferðastyrk úr sjóði Lassons hæstarjettardómara (sem hann

stofnaði með arfleiðslúskrá 9. desember 1679). Ferðastyrkur þessi er eiginlega ætlaður niðjum stofnandans, en er um engan þeirra hefur verið að ræða, hafa aðrir fengið hann. Kålund ætlaði að nota styrk þennan til langdvalar á Íslandi. Þá var töluvert erfiðara að ferðast um landið en nú, því að vegir voru þá engir aðrir en misjafnar götur, brýr svo að segja engar, og víða vegleysur, eins og að vísu er enn allvíða. Þá var og fremur dýrt að ferðast milli landa, því að farið kostaði þá 90 kr. á fyrsta farrými og maturinn 4 kr. á dag, og var það ekki lítið eftir því verði, sem peningarnir höfðu þá. En Kålund ljet ekkert letja sig, og hann fekk líka styrk til viðbótar bæði hjá Kenslumálaráðaneytinu og Háskólaráðinu, því að stjórnarráðum þessum var það ljóst, að það var þýðingarmikið verk, sem hann ætlaði sjer að vinna.

27. september 1872 lagði Kålund af stað frá Kaupmannahöfn og kom til Reykjavíkur 11. október. Þar þótti það nýlunda að ungur danskur mentamaður eða útlendur skyldi koma til Íslands til vetursetu, til þess að læra rækilega íslensku og kynna sjer landið, enda höfðu útlendir mentamenn ekki gert það síðan að Rasmus Kristján Rask og Rudolf Keyser voru á ferðinni. Útlendir vísindamenn höfðu einungis heimsótt Ísland á sumrin, en Kålund kom með vetrinum. Hann fekk veturvist hjá Jónasi lækni Jónassen í Reykjavík, og stundaði íslensku og íslensk fræði um veturinn. Hann tók þá þegar að tala íslensku og gekk það greitt, því að hann var svo vel að sjer í íslenskri tungu áður en hann kom. Um vorið fór hann að búa sig til ferðar og fekk Magnús Andrjesson, síðar prest að Gilsbakka, sem þá var í latínuskólanum, sjer til fylgdar. Þeir lögðu á stað 2. júlí 1873; ferðaðist Kålund þá um Suður-, Austur- og Norðurland til Akureyrar, en þaðan fór hann þjóðleið suður í Stafholtstungur og kom þangað 22. septbr. Sum-

arið eftir fór hann um allan vesturhluta landsins norður til Eyjafjarðar. Hann fór um flestar bygðir á Íslandi og hefur Þorv. Thoroddsen í Landfræðissögu Íslands, IV. bindi bls. 89—93, rakið ferðir hans og talið gistingarstaði hans eftir sögn Kálunds sjálfs. Sjera Magnús hefur sagt mjer, að sjer hafi fundist mikið til um seiglu hans og þolinmæði. Stundum mættu þeir töluverðum erfiðleikum, sjerstaklega á Vestfjörðum. Þar urðu þeir sumstaðar að klöngrast yfir snarbrött fjöll og vegalaus; var þar ilt að koma koffortahesti yfir; urðu þeir stundum að taka koffortin og bera þau, og á einum stað rjetta þau hvor öðrum, frá einum stalli á annan. Á einum bæ í Vestfjörðum, í Geirþjófsfirði eða öðrum smáfirði, urðu þeir að liggja í kulda í útihúsi einu og hafa hnakkana fyrir höfðalag. En aldrei kvartaði Kálund, hvað sem að höndum bar (sbr. Lögrjettu 7. okt. 1914).

Veturinn 1873—74 hafði Kálund vetursetu í Hjarðarholti hjá Theodór sýslumanni Jónassen. Hann kyntist þá sveitalífi Íslendinga á vetrardag og búnaðarháttum betur en hægt var á sumrin. Þennan vetur þýddi hann »Pilt og stúlku«, sögu Jóns Thoroddsens, á dönsku, og kallaði hana »Indride og Sigrid«. Hún kom út í Kaupmannahöfn 1874.

Nokkrum vikum eftir að Kálund hafði lokið ferðum sínum sumarið 1874, hjelt hann 21. október frá Reykjavík heim á leið, og var mjög ánægður með ferð sína. Hann hafði sjeð mestalt Ísland, og safnað miklu efni í Íslandslýsingu; jafnframt hafði hann kynt sjer rækilega lifnaðarhætti Íslendinga og hugsunarhátt, og talaði nú íslensku eins vel og Íslendingur. Honum þótti ferð sín hafa verið fróðleg að ýmsu leyti, og honum fanst þjóðin einkennileg, skynsöm og hraust. Þá er hann kom til Kaupmannahafnar, settist hann þar að, og tók þegar að vinna af kappi úr því, sem hann hafði safnað á Íslandi, og efna til sögulegrar staðalýsingar af landinu.

Vorið eftir fekk hann hjá Háskólaráðinu Smithska styrkinn hinn minni í tvö ár, og síðan hinn stærri í eitt ár; einnig fekk hann styrk frá Hjelmstjerne-Rosencronsku stofnuninni til þess að rita lýsingu Íslands. Við samningu hennar notaði hann eigi að eins það, sem hann hafði sjálfur sjeð og safnað, á meðan hann var á Íslandi, heldur og allar Íslendinga sögur, Biskupasögurnar og Sturlungu, en sjerstaklega þær sögur, sem gerðust fyrir 1030 og eru sannsögulegar (sjá Íslands lýsingu hans II, 516—520). Einnig notaði hann sóknarlýsingar og sýslulýsingar Bókmentafjelagsins, Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og mörg önnur handrit og gögn í söfnunum í Kaupmannahöfn, auk ýmsra prentaðra bóka, sem út höfðu komið um Ísland í seinni tíð. Þá fekk hann og ýmsar upplýsingar frá Íslendingum; minnist hann sjerstaklega íslensku prestanna með þakklæti og fögrum orðum í eftirmálanum í bók sinni fyrir upplýsingar þær, sem hann fekk frá þeim, og fyrir áhuga þeirra á bókmentum, þrátt fyrir það, þótt þeir ættu flestir við þröngan hag að búa.

Lýsing Kålunds af Íslandi varð tvö bindi, og kom út á árunum 1877 til 1882. Hún heitir »Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island«. Hún er um 1170 bls. í stóru 8 bl. broti. Það sýnir lítillæti hans, dómgreind og hvernig hann sjálfur hefur litið á verk sitt, er hann kallar það »Bidrag«, skerf í sögulega staðalýsingu; hann hefði mátt sleppa þrem fyrstu orðunum í titli bókarinnar, því að hún verðskuldar það, að heita hreint og beint söguleg staðalýsing. Bók þessi er hin merkasta bók, sem út kom um Ísland frá því að Ferðabók Eggerts og Bjarna kom út 1772 og þangað til 1908—11, er Lýsing Þorvalds Thoroddsens kom út. Kålund lýsir í henni greinilega öllum hjeruðum og bygðum á Íslandi, sjerstaklega að því leyti sem snertir sögurnar, og alla þá helstu staði, sem um er getið í þeim. Hann lýsir greinilegast

merkasta sögustaðnum, Þingvöllum, og leiðrjettir þar og víða annars staðar ýmsar rangar sögusagnir og munnmæli. Þá er hann hefur lýst sýslu eftir sýslu og bygð eftir bygð, lýsir hann að lokum hálendi Íslands, en lýsingin af því er eðlilega eigi eins nákvæm eins og af bygðunum, enda lá það að miklu leyti fyrir utan verkahring hans, og nákvæma þekkingu á hálendi Íslands hafa menn fyrst fengið, er Þorvaldur Thoroddsen tók að fræða menn um það, en enn vantar þó nákvæma uppdrætti yfir mestallar óbygðir Íslands. Íslands lýsing Kålunds er hins vegar hinn besti leiðarvísir fyrir hvern þann, sem les sögur vorar rækilega; væri skemtilegt að eiga slíka staðalýsingu á íslensku, enda þótt landsmenn hafi nú eignast ágæta almenna lýsingu af landinu.

Tólf fyrstu arkirnar af 2. bindinu, um Norðlendingafjórðung, komu út sjer í lagi 1879, og notaði höfundurinn þær fyrir doktorsritgjörð. Hann varði hana 8. maí 1879.

Á meðan Kålund var að semja staðalýsingu Íslands, varð hann kennari við Frúarskólann (Metropolitan-skólann) í Kaupmannahöfn. Við byrjun skólaársins 1875 tók hann þar að sjer tímakenslu í dönsku í fjórum neðstu bekkjunum. 21. október 1877 var hann settur kennari við skóla þennan, og 30. ágúst 1880 fekk hann veitingu fyrir því embætti. Kenslustörf munu eigi hafa verið Kålund geðfeld, allra síst er hann þurfti að kenna áhugalitlum piltum, sem voru börn að aldri, og hugsuðu oft meira um ærsl og ólæti en námið. Hann var sjálfur mikill áhugamaður, og vantaði þolinmæði til þess að eiga við slíka drengi.

Á meðan Kålund var að rita Íslands lýsingu sína, notaði hann handritasafn Árna Magnússonar allmikið. Eftir fráfall Jóns Sigurðssonar var hann nefnd Árna Magnússonar sjóðsins til aðstoðar og mun þá hafa kynst safninu betur. Handritasafnið var þá eigi greitt aðgöngu.

Það var að vísu geymt á góðum stað í bókhlöðu háskólans, en sumu af því þurfti að raða, bandinu á mörgum handritum þurfti að breyta, taka gamla bandið af þeim handritum, sem bundin voru inn í skinn eða »pergament«, og sjá hvað þar væri að finna, því að skinn þessi voru venjulega úr latneskum bókum, sem höfðu verið teknar sundur, til þess að binda inn í. Sumt í safninu var í bögglum, sem þurfti að raða og binda inn sumt af því, en búa öðruvísi um sumt o. s. frv. Yfir handritasafnið vantaði nákvæma skrá, því að skrá sú, sem til var, eftir Jón Ólafsson frá Grunnavík, samin um 1731, eða rjett eftir fráfall Árna Magnússonar, var mjög ófullkomin. Árnanefndin og þeir, sem safnið höfðu notað, höfðu fundið til þess fyrir löngu, og fyrir því hafði Jón Sigurðsson eftir ráðstöfun nefndarinnar tekið að semja mjög nákvæma skrá yfir safnið, en hún náði að eins yfir 239 handrit í arkar broti. Með því sniði, sem hún hafði, hefði henni seint orðið lokið, ef henni hefði verið haldið áfram. Árnanefndin hafði eftir 1852 verið fremur framkvæmdarlítil, en 1871 fekk Vilhjálmur Finsen sæti í nefndinni, og er hann hafði verið þar fá ár, gerðist nefndin miklu framkvæmdarmeiri en áður. Nefndin sótti 7. nóvbr. 1882 um, að bókavarðarembætti væri stofnað við handritasafnið, og það launað af ríkissjóði og varð það að lögum vorið 1883. Í þessa stöðu var dr. Kålund skipaður hinn 9. maí 1883 frá 1. apríl að telja; hafði hann 1. maí fengið lausn frá kennaraembætti sínu, er sumarleyfinu væri lokið. Hinn 18. maí þá um vorið rjeð Árnanefndin hann fyrir skrifara sinn.

Við Árnasafnið fekk Kålund þá stöðu, sem átti ágætlega við hann, og þar var þá mikið að vinna. Þá er hann var orðinn bókavörður, kom nefndin sjer brátt saman um það, að hann skyldi semja nákvæma skrá yfir alt safnið og skýra frá hvað væri í hverju bindi; var þá og

ákveðið, hvernig skrá sú skyldi vera gjörð. Til aðstoðar við lýsingu handritanna skyldi hann og nota styrkþega Árna Magnússonar sjóðsins. Til þess að verk þetta yrði sem fullkomnast og niðurröðun safnsins sem best, fór Kålund sumurin 1884 og 1885 með styrk úr Carlsberg-sjóði til Svíþjóðar, Noregs, Englands og Þýskalands, til þess að rannsaka handritasöfn, og sjá hvað þar væri af íslenskum og norskum handritum, og jafnframt hvernig handritasöfnum í löndum þessum væri fyrir komið. Á hinum næstu árum samdi Kålund skrá yfir alt handritasafn Árna Magnússonar, »Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling«, og kom fyrra bindið út 1889, en hið síðara 1894; voru þau gefin út af nefndinni fyrir sjóð Árna Magnússonar með styrk úr ríkissjóði. Handritaskrá þessi er um 1580 bls. og er samin með mikilli nákvæmni; skýrir höfundurinn frá efni hvers handrits og stuttlega frá uppruna og sögu þess, hvað sje gefið út og hverjir hafi notað hvert handrit, eða gefið út útdrátt úr þeim. Framan við síðara bindið er fróðleg ritgjörð um safnið. Sjálf er skráin svo vel gerð, að hún hefur jafnan verið öðrum til fyrirmyndar, sem sett hafa síðar saman slíkar skrár. Þá er hún var út komin, varð það fyrst kunnugt hvað fólgið er í handritasafni Árna Magnússonar, og nú varð það alt greitt aðgöngu. Útlendir menn, einkum Norðmenn, Svíar, Þjóðverjar og Hollendingar, tóku nú að nota safnið miklu meira en áður.

Þá er handritaskrá þessi var komin á prent, ákvað nefnd Árna Magnússonar að gefa út sams konar skrá yfir öll forn norsk og íslensk handrit í hinum opinberu bókasöfnum í Kaupmannahöfn. Kålund samdi skrá þessa, og kom hún út 1900 og er LXV + 517 bls. að stærð; eignuðust menn þá nákvæma skrá yfir öll íslensk handrit og útlend handrit um Ísland í konunglega bókasafninu og í Háskólasafninu, þau er þar eru og eigi eru í safni Árna

Magnússonar. Fyrir framan skrá þessa er löng og fróðleg ritgjörð eftir Kålund um söfnun norskra og íslenskra handrita og varðveitslu þeirra á hinum síðari öldum.

Þá er Kålund hafði lokið þessu merka starfi, tók hann að efna til mikils ljósprentaðs safns af hinum merkustu brjefum og handritum, sem til eru í söfnunum í Kaupmannahöfn. Safn þetta átti að eins að vera sýnishorn, en svo fjölskrúðugt, að það flytti sýnishorn af sem flestum hinum merkustu handritum í Kaupmannahöfn og þeim brjefum, sem best eru til þess að sýna rithandir manna á miðöldunum. Svíar höfðu þá fyrir nokkru gefið út slika sýnisbók (Svenska skriftprof, Stockholm 1894). Safn Kålunds var í tveim deildum; í fyrri deildinni eru dönsk handrit og kom hún út 1903, en í hinni fornnorsk og íslensk handrit. Sú deild er í tveim bindum, af því að sýnishornin af íslensku handritunum eru svo mörg. Þessi tvö bindi komu út 1905 og 1907, og kostaði Carlsbergsjóður útgáfu síðara bindisins, en Árna Magnússonar nefndin gaf út tvö fyrstu bindin. Danska deildin nær til 1550, en hin íslenska til 1700 eða fram á daga Árna Magnússonar. Fornletrasýnisbók þessi heitir »Palæografisk Atlas«, og kostar alls 90 kr., 30 kr. hvert bindi. Alls eru þar ljósprentuð 174 sýnishorn; af þeim eru 64 dönsk, en hin flest íslensk. Svo er útgáfa þessi vel gerð, að hún má heita jafngild sjálfum handritunum. Jafnframt hverju sýnishorni gaf Kålund út stafrjetta útgáfu af því, og upplýsingar um hvert handrit. Sýnishornunum í safni þessu er raðað eftir aldri handritanna, og er verk þetta hinn besti leiðarvísir, sem til er, fyrir þá, sem vilja læra að lesa miðaldarritin rjett, þekkja skammstafanir og aldur rithanda á þeim tímum í þremur hinum norrænu löndum. Útgáfa þessi er leyst af hendi með hinni mestu nákvæmni og skarpskygni; hún er hin mesta og merkasta bók, sem komið hefur út í sinni grein á Norðurlöndum.

Nú hafði Kålund gert kunnugt bæði hvað til er af íslenskum handritum í Kaupmannahöfn og hvernig þau og önnur norræn handrit líta út og eru rituð, en hann ljet hjer eigi staðar numið að því er safn Árna Magnússonar snerti. Árni sjálfur hafði byrjað 1707 að rita skrá yfir handrit sín, og síðan bætt við hana nokkrum sinnum. Skrá þessi er fróðleg um handritasöfnun Árna. Kålund gaf hana nú út ásamt skrá yfir handrit þau, sem Árni fekk hjá Þormóði Torfasyni, og skrá yfir það, sem hann keypti á uppboði eftir Rostgaard 1726. Var þetta gert af virðingu við Árna og til þess að fræða um eitt hið merkasta æfistarf hans.

Eftir þetta tók Kålund að búa til prentunar brjef og skjöl Árna Magnússonar og annað fleira, sem var fræðandi um æfi hans. 1916 gaf hann út á kostnað Carlsbergsjóðsins tvö stór bindi; er í öðru þeirra embættisbrjef Árna og fleiri opinber skjöl (Arne Magnusson, Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker. Kbh. 1916, XXIV + 624 bls. Verð 5 kr.). Bók þessi er mjög merkilegt heimildarrit, eigi að eins að æfisögu Árna sjálfs, heldur og að sögu Íslands á efri árum hans. Hitt bindið er brjefaviðskifti Árna Magnússonar og Þormóðs Torfasonar (Arne Magnusson, Brevveksling med Torfæus (Þormóður Torfason). Alls 453 bls. Verð 5 kr.), og er mikill fróðleikur í því um þá Árna og Þormóð og margt fleira.

Eftir þetta tók Kålund að gefa út brjefaviðskifti Árna við ýmsa einstaka menn; voru fullprentaðar 35 arkir af því bindi, þá er hann fjell frá, og alt handritið tilbúið. Það var skaði að honum skyldi eigi endast aldur til þess að rita æfisögu Árna Magnússonar, eins og hann mun hafa haft í huga, ef honum entist aldur til þess, en önnur mikilvæg störf hindruðu hann frá því. Enginn var svo fær til þess sem hann, en hann hefur rutt þar brautina fyrir aðra.

II.

Þótt Kålund hefði eigi ritað annað en það, sem nú er talið, hefði það verið nóg til þess að halda minningu hans uppi sem eins hins nýtasta manns í íslenskum fræðum. Verk hans voru svo góð og mikilsverð, að hann ruddi með þeim brautina fyrir aðra, bæði fyrir þá, sem lesa Íslendinga sögur, og vildu læra að lesa handritin og að nota þann fróðleik, sem í þeim er. En Kålund vann miklu meira en það, sem þegar er talið. Hann var mjög starfsamur maður, duglegur og verksjeður. Vorið 1879 var hann einn af þeim, sem stofnaði »fjelag til að gefa út gamlar norrænar bókmentir« (»Samfund til Udgivelse af gammel nordisk Litteratur«). Hann var þá þegar kosinn skrifari í fjelagi þessu og hafði hann það starf á hendi í rúm 40 ár til dauðadags. Eg hygg að enginn af stjórnendum þessa fjelags hafi framkvæmt nándar nærri svo mikið af stjórnarstörfum þess sem Kålund. Auk þess vann hann manna mest að útgáfum fyrir þetta fjelag, og hefur að eins einn maður gefið út eins mikið fyrir það eða öllu heldur meira, en það er landi vor Finnur Jónsson. Þessir tveir menn hafa verið aðalstarfsmenn fjelagsins, Kålund frá upphafi, en Finnur Jónsson frá því 1886, og hann er nú ritari fjelagsins. Fjelag þetta hefur gefið út ágætar útgáfur af mörgum fornsögum vorum og ýmsum öðrum fornritum. Dr. Kålund gaf út fyrir það Fljótsdælu hina meiri 1883, Reykholtsmáldaga 1885 (ljósprentaða útgáfu með öðrum), Laxdæla sögu 1889—91, Gull-Þóris sögu 1898, Heiðarvíga sögu 1904 og Kirjalax sögu 1917. Enn fremur gaf hann út mjög merkilegt safn »Alfræði íslensk«, þrjú bindi; 1. bindið 1908, 2. bindið 1914—16 og hið 3. 1917—18. Annað bindið er rímtöl; það gaf hann út með sænskum manni, prófessor N. Beckman í Gautaborg, er ritaði fróðlegan inngang um rímtölin og þann tímareikning, sem í

þeim er, en hin bindin bæði gaf Kålund út einn. Í þeim er leiðarvísir um landaskipun og landalýsingar og margs konar annar forn fróðleikur.

Í smáritasafni því, sem útgáfufjelag þetta gaf út á árunum 1884—1891 og heitir »Småstykker«, gaf Kålund út fimm smá rit. Merkast þeirra er íslenskt málshátta-safn frá 15. öld, bls. 131—184 í ritsafni þessu.

Laxdæla sögu gaf Kålund út handa Þjóðverjum með þýskum inngangi og skýringum. Sú útgáfa kom út í »Altnordische saga-bibliothek« og er prentuð í Halle 1896.

Þá er enn ótalin hin mesta og merkasta útgáfa Kålunds af íslenskum söguritum. Það er útgáfa hans af Sturlunga sögu, hinni mestu sögu, eða sögusafni Íslendinga á miðöldunum. Hann gaf hana út fyrir Hið konunglega norræna fornfræðafjelag. Eftir fráfall Konráðs Gíslasonar 1891 varð Kålund ritari í fornritadeild þess fjelags, og hjelt því starfi til dauðadags og vann mikið fyrir fjelagið. Hann var einnig formaður þeirrar deildar, og því í raun rjettri annar aðalstjórnandi hins norræna fornfræðafjelags. Fyrra bindið af útgáfu hans af Sturlungu kom út 1906, en hið síðara 1911. Þetta er 3. útgáfa af Sturlunga sögu, en hin fyrsta útgáfa af henni, sem er vísindaleg eða nægilega áreiðanleg. Útgáfa þessi er leyst af hendi með vísindalegri nákvæmni og skarpskygni. Henni fylgir og óvenjulega nákvæm skrá yfir öll mannanöfn og staðanöfn, sem eru í sögunni. Í hinum fyrri útgáfum eru skrár þessar mjög óvandaðar, en það er vandaverk að semja eins nákvæma skrá yfir öll eiginnöfn, sem koma fyrir í Sturlungu, eins og Kålund hefur gert. Í henni eru nefndir á fjórða þúsund manna og nálega 1100 staðir. Sjerstaklega þarf mikla vandvirkni að búa til eins áreiðanlega skrá yfir mannanöfnin eins og skrá Kålunds er. Hann tilfærir bæði síðu og línu, þar sem menn og staðir eru nefndir, og er það mjög sjaldan skakt

eða prentvilla í öllum þeim tölum. Eitt mannsnafn hefur fallið burt úr skránni, og má vera að sá seðill, sem það stóð á, hafi tapast í prentsmiðjunni. Það er Roðgeir Aflason, sem nefndur er í fyrra bindinu á bls. 573, í 2.—4. línu. Kålund nefnir hann í mannanöfnunum í þýðingu sinni af Sturlungu og því mun það varla vera hans sök að hann vantar. Áður en Kålund gaf út Sturlunga sögu, ritaði hann um handritin af henni og um einstakar sögur í henni; er ritgjörð sú prentuð í »Aarböger for nordisk Oldkyndighed og Historie« 1901. Síðan gaf hann út þýðingu af allri Sturlunga sögu fyrir norræna fornfræðafjelagið, og kom hún út í tveim bindum 1904. Það er hin fyrsta og eina þýðing, sem til er af Sturlunga sögu. — Þá er Kålund fjell frá, var hann í tómstundum sínum að þýða biskupa sögurnar og var kominn fram í sögu Árna biskups Þorlákssonar.

Þá má geta þess að Kålund gaf út í ritum Hins danska vísindafjelags gamla íslenska lækningabók, sem er til í handritasafni Árna Magnússonar, einkennilega bók fyrir sinn tíma. Bók þessi kom út 1907 og heitir »Den islandske lægebog Codex Arnamagnæanus 434 a, 12 mo«.

Nú munu talin þau rit, sem Kålund gaf út, nema lítið brot af Droplaugarsona sögu, sem hann gaf út í »Arkiv för nordisk filologi«, 3. bindi, og eyðurnar í Gull-Þóris sögu, sem hann gaf út og ritaði um í 1. bindi af sama tímariti. Útgáfur hans eru bæði margar og merkilegar, merkilegar sökum þess hvað þær eru nákvæmar, rjettar og vandaðar. Hann kunni og að meta handritin og að fara eftir því sem best var; hann sparaði enga fyrirhöfn til þess að ráða rjett úr því, sem vandlesið var. Hann las og forn handrit manna best. Ýmsar af bókum þeim, sem hann gaf út, höfðu eigi verið prentaðar áður, og sumar þeirra var mjög erfitt að gefa út; auk þess er efnið í sumum þeirra eigi svo girnilegt sem í Íslend-

inga sögum, og mun það hafa átt mikinn þátt í því, að rit þessi höfðu eigi verið gefin út áður. En allar útgáfur Kålunds af sögunum og ritum þeim, sem áður höfðu verið gefin út, eru til stórra umbóta frá því, sem áður var, og því mikils verðar bæði fyrir þá, sem stunda norræna málfræði og sögu Íslendinga.

Auk alls þessa ritaði Kålund margar ritgjörðir. Sumar þeirra eru allstórar, en þó flestar stuttar. Í »Arkiv för nordisk filologi« ritaði hann alls 22 ritgjörðir, og eru tvær þeirra þegar nefndar. Af þessum 22 ritgjörðum er stærst og merkust ritgjörð hans um »Crymogæa« Arngríms hins lærða; hún heitir »Studier over Crymogæa« og kom út 1907, í 23. bindi, bls. 211—234. Síðasta ritgjörð Kålunds í tímariti þessu kom út eftir fráfall hans og er um Björn M. Ólsen.

Í »Aarböger for nordisk Oldkyndighed« ritaði Kålund nokkrar ritgjörðir auk þeirra tveggja, sem fyr eru nefndar. 1882 kom þar út mjög merkileg ritgjörð eftir hann, sem heitir »Islands fortidslevninger«; í henni skýrir hann meðal annars frá hinum elstu rúnaáletrunum á Íslandi. 1896 ritaði hann um hvort telja mætti til bókmenta Danmerkur latneskt rit eitt, sem ritað var um aldamótin 1200 um ferð Dana til landsins helga, og heitir: »Historia de profectione Danorum in terram sanctam«. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að söguþáttur þessi væri ritaður af Norðmanni. 1899 ritaði hann í árbækurnar um Lögberg, glögga ritgjörð og gagnorða. 1913 kom þar út eftir hann löng ritgjörð, sem heitir »En islandsk Vejviser for pilgrimme fra 12. århundrede«, um leiðarvísir og landaskipun, fornrit það, sem sumir hafa kent við Nikulás ábóta að Munka-Þverá (d. 1159), af því að nokkuð af því er eftir frásögn hans. Þetta rit er best gefið út í Alfræði Kålunds 1. bindi. Í ritgjörð þessari er þýðing af leiðarvísinum, en mestur hluti hennar er skýring á

efninu í honum og þeim stöðum, sem þar eru nefndir. Síðasta ritgjörð Kálunds í Árbókunum er um heimildirnar að Kirjalax sögu, og kom út 1917.

Kálund sendi einnig ritgjörðir sínar í nokkur önnur tímarit en þau tvö, sem nú eru talin og hann ritaði mest í; hann var í fullan mannsaldur einn af ritstjórum »Arkivsins«. Í »Nordisk tidsskrift for filologi« 1908 og 1909 birti Kálund ritgjörð um »Digtningen paa Island omkring 1500«. Í svensku tímariti »Namn och bygd« gaf hann út 1917 með inngangi og athugasemdum »En beretning om Island, nedskreven 1741«. Í »Dania«, 4. bindi, birti hann »Bidrag til R. Rasks levned«; er þar prentað langt brjef frá Bjarna Thorsteinsson til Rasks og annað frá Sveinbirni Egilssyni.

Kálund samdi enn nokkrar smáar ritgjörðir í önnur tímarit, þar á meðal nokkra ritdóma um bækur í þýsk tímarit. Mig minnir líka að hann ritaði tvær eða þrjár greinar í íslensk blöð (Ísafold), en hjer er eigi tækifæri til þess að telja alt hið smærra, sem hann ritaði. Því skal hjer að eins enn nefnt þrent. Eitt af því er ritgjörð um lifnaðarhætti manna á Norðurlöndum, »Sitte, Skandinavische verhältnisse«, sem hann ritaði í »Grundriss der germanischen Philologie«, en nokkuð af ritgjörð þessari fekk hann dr. Valtýr Guðmundsson til að rita, eins og hún ber vitni um. Þá skal þess getið, að hann ritaði margar greinar um Ísland í »Nordisk Konversationsleksikon« 3. útgáfu þess, og í »Dansk biografisk Leksikon«, hið mikla ritsafn. 19 bindi, sem ríkisskjalavörður C. F. Bricka gaf út, ritaði hann nærri allar þær æfisögur af Íslendingum, sem eru í því. Alls eru þar 182 bls. eftir hann; höfðu að eins 17 menn ritað meira í æfisögubók þessa en dr. Kálund, en alls rituðu þó 238 menn æfisögur í hana. Hinir merkustu Íslendingar, sem uppi hafa verið síðan á siðbótartímanum, eru teknir í æfisögubók þessa;

en þar er markað rúm fyrir hvern mann og flestum ætlað lítið; hefði enginn útlendur maður og sárfáir Íslendingar getað valið þá jafnskynsamlega og ritað eins rjett og sanngjarnlega um þá eins og Kålund gerði; þó fekk hann meiri vanþökk fyrir það á Íslandi en þakklæti, og var það einungis að kenna aulaskap eða hugsunarleysi fárra manna.

Annars hlaut Kålund að maklegleikum viðurkenningu frá öllum hinum norrænu þjóðum fyrir hin vísindalegu störf sín, og fekk það einna fyrst frá Íslendingum. Þótt hann ynni aðallega fyrir Árnasafnið og tvö fjelög, Útgáfufjelag gamalla bókmenta og Hið norræna fornfræðafjelag, snertu þó öll störf hans Ísland og íslenskar bókmentir, og öllum Íslendingum, sem skyn bera á íslensk fræði og kyntu sjer rit hans, fanst eðlilega mikið til um þau og þótti vænt um þau. Kålund gekk frá nýári 1873 í Hið íslenska bókmentafjelag og kaus Hafnardeild bókmentafjelagsins hann til heiðursfjelaga á ársfundi 1897. Hið norska vísindafjelag í Kristjaníu kaus hann fyrir fjelaga sinn 1899, en danska vísindafjelagið árið eftir. Svíar kusu hann til fjelaga í Hinu konunglega »vitterhets-historie- og antikvitets akademien« 1910. Danska stjórnin og síðan norska stjórnin sæmdu hann heiðursmerkjum.

III.

Kålund var hár maður vexti, en grannur alla æfi. Hann varð snemma dálítið lotinn í herðum eins og oft er títt um háa menn, ef þeir sitja löngum við lestur og skriftir, en annars gekk hann beinn. Hann var dökkur á hár og skegg og móeygur.

Kålund var fjölhæfur maður og prýðilega að sjer í mörgum greinum og fylgdi vel með því sem gerðist. Í sumarleyfinu í júlí mánuði brá hann sjer oft til útlanda; mun hann hafa gert það til þess að kynnast þeim og

fræðast, og af því að honum mun ávalt hafa þótt gaman að sjá ný lönd og skoða náttúruna. Hann tók vel eftir því, sem fyrir bar og var skarpskygn maður. Dómgreind og heilbrigð skynsemi einkendi aðallega gáfur hans. Hann leit blátt áfram á hvern hlut og hvert málefni, eins og það var í raun rjettri og dæmdi um það eftir því. Hann var laus við allar vöflur og vífilengjur, draumóra og hrófatildur í hugsunum sínum, sem oft er einkennilegt fyrir framkvæmdarlitla og óverksjeða menn, þótt þeir sjeu kallaðir gáfumenn. Hann sá fljótt misfellur á hverju sem var.

Kålund var mjög samviskusamur maður, vandaður og rjettlátur og skyldurækinn. Sem bókavörður við Árnasafnið komst hann í kynni við flesta þá menn í útlöndum, sem stunda íslensku og fornnorræna málfræði. Hann var jafnhjálpsamur við alla, sem notuðu safnið, og óþreytandi að finna það, sem menn óskuðu eftir, hver sem í hlut átti, og hvort sem honum sjálfum geðjaðist vel eða ekki að mönnunum. Hann var í embætti sínu alveg eins og embættismaður á að vera, jafnlipur og skyldurækinn hver sem í hlut átti.

Kålund var einkennilegur maður. Hann bar það með sjer, að hann var heldri maður. Hann virtist heldur kaldur og þurr þeim mönnum, sem þektu hann ekki. Í raun rjettri mun hann hafa verið fremur ör í skapi; hann var látlaus, mjög ræðinn og fjörugur, er hann gaf sig á tal við menn eða í samkvæmi. Hann ræddi þá um margt, bæði um vísindi, ný rit og það sem við bar. Hann varði stundum skoðanir sínar af kappi, og var eigi hræddur við að láta þær í ljós. Hann gat verið hvass í orðum um það, sem ljótt var og undirförult. Sjálfur var hann hreinn í skapi, og jeg ætla að hann hafi haft hinn mesta viðbjóð á undirferli og hrekkjum.

Frá því að Kålund dvaldi á Íslandi, fylgdist hann

jafnan allvel með því, sem þar gerðist. Hann las flestar íslenskar bækur, sem út komu og nokkuð kvað að; einnig las hann íslensk blöð meira eða minna, og keypti að minsta kosti Ísafold jafnan, þótt honum þætti það eigi gott blað á hinum síðari árum. Hann unni Íslandi, sjerstaklega hinum fornu bókmentum þess og hinu besta, sem til er í hinum nýrri bókmentum vorum, en hann gat eigi fremur en hver annar vandaður og skynsamur maður unnað öllu, sem íslenskt var, þrátt fyrir það þótt það væri ljótt og vítavert. Sumir sem um hann hafa ritað, hafa minst á skoðanir hans í stjórnarskipunarmáli Íslands. Það var í raun rjettri óþarft, því að Kålund gaf sig ekki að stjórnmálum. Jeg þekti skoðanir hans töluvert á hinum síðari árum, og skal, úr því að á þær hefur verið minst, lýsa þeim stuttlega. Kålund fanst fátt um alt hið mikla rjettarþref og hinar margvíslegu lagateygingar nokkurra manna á Íslandi. Hann virti það meira, að vera en að sýnast. Honum þótti það nauðsynlegast fyrir Íslendinga, að efla atvinnuvegi sína og efnahag, auka mentun og halda uppi siðgæði þjóðarinnar, enda yrði það tryggasti grundvöllurinn undir sjálfstæði þeirra og veg. Eins og ástandið var á Íslandi í harðindunum á 9. tug aldarinnar sem leið, mun honum eins og sumum Íslendingum hafa þótt annað nauðsynlegra en að taka þá að hefja nýja stjórnarskrárbaráttu, og honum þótti að minsta kosti einn af foringjum þess máls kreddufastur (*doktrinær*) og óverksjeður. Hann talaði og dæmdi um íslensk stjórnmál með sömu dómgreind og rjettlætistilfinningu sem um dönsk stjórnmál. Honum líkaði eigi heldur alt í dönskum stjórnmálum, og hann var þó góður danskur ættjarðarvinur. Eins og eðlilegt er, mun hann eigi hafa viljað að danska ríkið minkaði, en honum hefur auðvitað hlotið að vera ljóst, að það stóð á jafnrjettum fótum, hvort sem Ísland var því sameinað eða ekki.

Slíkt er eigi nein nauðsyn fyrir Danmörku. Hitt þótti honum tvísýnt hvort Ísland ynni við skilnaðinn. Eins og ástandið var í byrjun vorrar aldar, mun honum hafa þótt Ísland hafa fengið það, sem það þurfti á að halda, þá er stjórn landsins var flutt til Reykjavíkur og það hafði fengið fulla sjálfstjórn. Kålund vildi ekki að menn eyddu góðum kröftum til ónýtis. Hið nauðsynlega átti að ganga fyrir því, sem ekki lá á og að skaðlausu gat beðið. En þá er efnahagur Íslendinga væri orðinn góður, og landsmenn hefðu tekið miklum framförum, mun honum hafa þótt eðlilegt, að þeir efldu þá einnig hið stjórnarfarslega sjálfstæði landsins. Þá er hann hins vegar sá, að sumir Íslendingar vildu eigi láta stjórnarskipunarmálið hvíla í nokkur ár, hvernig sem öðru liði, og að það stóð í veginum fyrir öðrum nauðsynlegum störfum á Íslandi, hygg jeg að hann hafi felt sig miklu betur við það, að Íslendingar fengju hinar frekustu kröfur sínar uppfyltar, heldur en eytt væri tímanum í einlægar deilur.

Af hinum eldri fjelögum Hafnardeildarinnar var Kålund einn af hinum fyrstu, er fjelst á það að flytja Bókmentafjelagsdeildina til Reykjavíkur. Eins og fleirum varð honum það fljótt ljóst, að Reykjavíkurdeildin vildi ná í sjóð Hafnardeildarinnar. Hann var sjálfur laus við fjegirnd og smámunasemi, og áleit að best væri að gera slíkt ekki að löngu deiluefni, heldur láta Reykjavíkurdeildina fá alt saman. Hann kom því á hinn síðasta fund Hafnardeildarinnar til þess að greiða atkvæði með því, að deildin væri flutt til Íslands.

Þá er verið var að stofna Fræðafjelagið, sneri frumkvöðull þess máls sjer brátt til Kålunds, og tók hann því þegar mjög vel. Hann sá það glöggar en flestir aðrir, að hægt var að stofna hjer nýtt fjelag til eflingar íslenskum bókmentum og hann var einn af þeim, sem kosinn var í nefnd til þess að semja lögin, eða íhuga

frumvarp það til laga, sem lagt var fram á stofnfundi fjelagsins. Hann var þá á 68. árinu og hlaðinn störfum; það var því engin von á því, að hann gæti unnið mikið fyrir fjelagið, en hann gaf því góð ráð og var endurskoðunarmaður þess fyrstu árin. Eitt sinn var það í ráði að hann gæfi út með öðrum eitt rit fyrir fjelagið. Hann sótti fundi fjelagsins og bar skjótt traust til þess, eins og síðar kom betur í ljós, að fjelagið mundi geta unnið íslenskum bókmentum gagn.

Þá er Kålund var á 70. árinu, langaði oss í Fræðafjelaginu að sýna honum lítinn vott um þakklæti vort Íslendinga fyrir alt það gagn, sem hann hafði unnið íslenskum bókmentum og Íslandi. Þetta var framkvæmt svo að hann fekk enga vitneskju um það fyr en á sjötugasta afmælisdegi sínum. Þá færði Fræðafjelagið dr. Kålund dálítið Afmælisrit eins og kunnugt er, og mun það hafa glatt hann mikið. Er ánægjulegt að hugsa til þess nú.

Kålund var ókvongaður maður, og var fyrst hjá móður sinni uns hún andaðist 1888. Eftir það bjó hann með systur sinni, en misti hana 1912. Hún var tveim árum yngri en hann, og var þetta hinn mesti söknuður fyrir hann á elliárum hans. Veturinn 1918—19 fekk Kålund þrálátt kvef (bronchitis), en gegndi þó lengi störfum sínum þrátt fyrir það. Að lokum varð hann að leggjast, og batnaði honum þá töluvert, en hann náði sjer aldrei fullkomlega. Til þess að leita sjer bata, fór hann í síðari hluta maí úr bænum út á landsbygðina, en veðráttan var heldur köld, og hann fekk engan verulegan bata. Hann hafði fram til þessa verið heldur heilsugóður maður og haldið sjer mjög vel, en við kvefsótt þessa hnignaði honum mjög. Jeg sá hann bæði í maí og 30. júní. Þann dag fór jeg í Háskólabókasafnið að kveðja hann, áður en safninu væri lokað; hafði þá veikin tekið mjög á hann, svo að hann var orðinn mjög farinn. Fjór-

um dögum síðar að kveldi hins 4. júlí andaðist hann, en hafði verið á fótum um daginn.

Enginn útlendur maður hefur varið kröftum sínum um jafnlanga æfi svo óskiftum í þarfir íslenskra bókmenta og vísinda sem dr. Kålund. Frá því hann í æsku varð sjálfum sjer ráðandi, má heita að hann hafi varið öllu lífi sínu í þágu þeirra, nema þau fáu ár, sem hann var kennari, og þó ritaði hann á þeim árum hina miklu Íslands lýsingu sína. Það eru fáir Íslendingar, sem hafa gert eins vel og hann, og enn færri, sem hafa gert betur. Gömlum íslenskum handritum varð hann kunnugri en nokkur annar maður, og mjög fáir menn hafa verið eins fróðir um Ísland og vel að sjer í íslenskum bókmentum og sögu eins og hann.

Eftir ráðstöfun Kålunds var lík hans brent, og var útför hans 10. júlí. Askan var síðan grafin hjá móður hans og systur í Gentofte kirkjugarði. Reit þann ljet Kålund hirða vel. Nú er þar dálítill bautasteinn til minningar um hann; og Fræðafjelagið á að sjá um reitinn.

Dr. Kålund bjó síðustu ár æfi sinnar í sama húsi sem Finnur Jónsson, Nyvej nr. 4. Hann hafði haft meiri kynni af honum en nokkrum öðrum Íslendingi; þeir höfðu sjest nærri daglega mikinn hluta ársins í Árnasafninu. Eitt sinn eftir að Kålund var orðinn veikur síðasta vorið, sem hann lifði, sagði hann við Finn Jónsson að best væri að hann segði honum, að arfleiðsluskrá sín væri í skrifborði sínu, og hann greindi hvar. Annað mintist hann eigi á hana við neinn Íslending.

Eftir andlát Kålunds var arfleiðsluskrá hans opnuð og kom þá í ljós, að hann hafði ritað hana 1. júlí 1913, rúmu ári eftir að Fræðafjelagið var stofnað, og að hann hafði gert það að aðalerfingja sínum. Hann hafði erft eftir systur sína skuldabrjef að nafnverði 5000 kr. Þau gaf hann verðlaunafjelagi handa hjúkrunarkonum í Kaup-

mannahöfn (»Præmieselskabet for Plejemödre i Köbenhavn«), sem systir hans hafði stutt eða verið í stjórn fyrir í mörg ár, til þess að stofna með sjóð, er bæri nafn hennar (»Emilie Kaalunds Legat«).

Háskólasafnið bað hann um að velja það af bókum sínum, sem það hefði þörf á, og nánasta ættingja sínum, systurdóttur móður sinnar, og hálfbræðrum hennar gaf hann af búsgögnum sínum og þeim hlutum, sem hann sjálfur hafði notað, það er þau vildu eiga. Alt annað, sem hann átti, peninga og það, sem kynni að koma inn fyrir eigur hans, bækur og húsgögn, gaf hann Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Ef fjelag þetta yrði algjörlega afnumið, óskaði hann þess, að kirkju og kenslumálaráðaneytið skifti fjárupphæð þeirri, sem hann ljeti eftir sig, á milli tveggja stofnana, annarar á Íslandi, en hinnar í Danmörku, sem vilja taka að sjer að verja höfuðstól sjóðsins til þjóðlegra, málfræðislegra og sögulegra rannsókna, fyrst og fremst til rannsókna á örnefnum.

Arfleiðsluskrá þessi ber ljósast vitni um, hve dr. Kålund unni íslenskum bókmentum og hve trygð hans til Íslands var bjargföst. Jeg býst við að Íslendingar gleymi honum eigi heldur, á meðan þeir halda uppi bókmentum sínum og varðveita tungu sína.

Fræðafjelagið gerði upp bú hans og kom því í peninga. Það varð nærri 14000 kr. Síðan samdi það skipulagsskrá um gjöf hans og fer hún hjer á eftir.

Bogi Th. Melsteð.

Skipulagsskrá

um sjóð dr. Kristians Kålunds undir stjórn Hins íslenska fræðafjelags í Kaupmannahöfn.

---

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt arfleiðsluskrá dr. Kristians Kålunds, dagsettri 1. júlí 1913.

Eftir reikningslok í búi dr. Kålunds og er fjárupphæð þess hefur verið varið til þess að kaupa skuldabrjef, er höfuðstóll sjóðsins þessi:

5000 kr. í 5% »Kommunekreditforenings« skuldabrjefum,

5000 kr. í 4½% »Østifternes kreditforenings« skuldabrjefum, 7. seríu,

7920 kr. í 3½% dönskum ríkisskuldabrjefum frá 1909,

og 364 kr. 49 aur. í viðskiftabók (nr. 20555) við »Landmandsbankann«, Vesturbrúardeildina.

2. gr.

Sjóðnum stjórnar Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, og ársvextir sjóðsins eru eign þessa fjelags og ver það þeim samkvæmt tilgangi sínum; en þó skal ávalt leggja 10% af ársvöxtunum við höfuðstól sjóðsins.

3. gr.

Fræðafjelagið skal stjórna höfuðstól sjóðsins sem sjerstakri fjárupphæð, og árlega gera reikningsskil. Reikninga sjóðsins skal endurskoða á sama hátt sem ársreikninga Fræðafjelagsins.

Fje sjóðsins skal ávaxta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um fje ómyndugra, og verðbrjef sjóðsins skal skrásetja með nafni sjóðsins.

4. gr.

Ef Hið íslenska fræðafjelag yrði algjörlega af numið, skal kirkju og kenslumálaráðaneytið samkvæmt ákvæðum í arfleiðsluskrá dr. Kálunds, sem hjer er fest við uppskrift af[1]), skifta höfuðstól sjóðsins milli tveggja stofnana, og sje önnur þeirra á Íslandi en hin í Danmörk, sem vilja taka að sjer að verja honum til þjóðlegra, málfræðislegra og sögulegra rannsókna, fyrst og fremst til rannsókna á örnefnum.

Kaupmannahöfn 26. maí 1920.

Sem stjórnendur Hins íslenska fræðafjelags í Kaupmannahöfn.

Bogi Th. Melsteð forseti	Jón Krabbe fjehirðir
Finnur Jónsson ritari	Stefán G. Stefánsson bókavörður

---

[1]) Kafli þessi í arfleiðsluskrá Kálunds hljóðar svo:

»Mine övrige efterladte midler (rede penge og hvad der ved salg af boet kan indkomme) testamenterer jeg til Det islandske litteratursamfund i Köbenhavn (Hið íslenzka fræðafjelag). Skulde dette selskab blive endelig oplöst, önsker jeg nævnte kapital gennem Ministeriet for kirke- og undervisningsvæsenet fordelt mellem to institutioner på Island og i Danmark, som vil påtage sig at anvende dem til sproglig-historiske undersögelser af national karakter, först og fremmest stednavne-forskning«.